



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis & Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

**Sendandi:** Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

---

### *10. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 um göngugötur*

Reykjavíkurborg fagnar því að fjallað sé um göngugötur í nýjum umferðarlögum. Eftir því hefur lengi verið beðið. Þar sem rammann um göngugötur hefur fram til þessa vantað, hefur gengið illa að framfylgja aksturs- og stöðubanni innan samþykktra göngugötusvæða og því afar jákvætt að fjallað sé um göngugötur í lögunum. Borgin hefur þó áhyggjur af framkvæmd undanþáguákvæðis 1. mgr. 10. gr. umferðarlaga. Ákvæðið býður ekki upp á sveigjanleika eða aðlögun að mismunandi aðstæðum og er því í raun ill- eða óframkvæmanlegt. Fulltrúar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hafa einnig lýst áhyggjum af þessu í samtali við starfsmenn borgarinnar. Reykjavíkurborg leggur því til að 10. gr. umferðarlaga verði breytt þannig að það verði í höndum viðkomandi sveitarfélags, að höfðu samráði við og með samþykki lögreglu í samræmi við 84. gr. umferðarlaga, að ákveða hvort og að hvaða leyti veittar verði undanþágur frá þeirri meginreglu 10. gr. umferðarlaga að umferð vélknúinna ökutækja um göngugötur sé óheimil.

#### **Greinargerð**

Í 10. gr. umferðarlaga kemur fram að umferð vélknúinna ökutækja um göngugötu er óheimil. Þó er umferð vélknúinna ökutækja akstursþjónustu fatlaðra, handhafa stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða, lögreglu, slökkviliðs og sjúkraflutninga heimil. Greinin tók breytingum í meðförum þingsins þar sem bætt var inn í upptalninguna „handhafa stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða“. Í nefndaráriti þar sem fjallað er um breytinguna segir einfaldlega að nefndinni hafi verið bent á að „einnig þyrfti að gera ráð fyrir notkun hreyfihamlaðra á eigin bílum, þ.e. ekki einskorða undanþáguna við akstursþjónustu fatlaðra“, undir það taki nefndin og því sé breytingin lögð til.

Í frumvarpi því sem varð að lögunum segir: „Ákvæði 10. gr. frumvarpsins er nýmæli og fjallar um göngugötur. Nauðsynlegt er að hafa á einum stað þau ákvæði sem eiga við um slíkar götur. Samkvæmt 1. mgr. er almenna reglan sú að umferð vélknúinna ökutækja um göngugötur er óheimil. Þó er í sömu málsgrein að finna undantekningar frá reglunni að því er varðar ökutæki akstursþjónustu fatlaðra, lögreglu, slökkviliðs og sjúkrabifreiða auk ökutækja sem sinna vörulosun til verslana, veitingastaða og samsvarandi fyrirtækja. Þessar undanþágur þykja sjálfsagðar og þarfnast ekki frekari skýringa.“



Þann 4. febrúar 2020 voru samkvæmt upplýsingum frá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu 7.910 stæðiskort fyrir hreyfihamlaða í gildi fyrir landið allt, þar af 5.243 kort á höfuðborgarsvæðinu. Það er því nokkuð stór hópur fólks sem hefur heimild til að aka um göngugötur. Akstur vélknúinna ökutækja um göngugötur hefur neikvæð áhrif á öryggi gangandi vegfarenda og annarra sem dvelja þar svo sem á kaffihúsum auk þess sem hann breytir eðli þeirra. Nú þegar hefur mikill fjöldi fólks fengið útgefin þessi stæðiskort auk þess sem gera má ráð fyrir að þeim fjölgi talsvert til framtíðar, vegna breyttrar aldurssamsetningar þjóðarinnar. Reykjavíkurborg telur vandséð í hvaða tilgangi hreyfihamlaðir eigi að aka um göngugötur ef þar er ekki að finna bílastæði fyrir hreyfihamlaða eða aðstæður til aksturs, en á göngugötum er alla jafna ekki bílastæði að finna. Við skipulag göngugatna er þess að jafnaði gætt að stæði fyrir hreyfihamlaða séu sem næst göngugötusvæðinu. Aðrir sem undanþágan nær til eru atvinnubílstjórar sem eru á ferðinni í neyðartilviki, til að gæta öryggis eða til að sækja eða aka fötluðum einstaklingum.

Eðlilega er akstur lögreglu, slökkviliðs og vegna sjúkraflutninga heimill enda væri það heimilt án undanþáguákvæðis 10. gr. á grundvelli 2. mgr. 31. gr. laganna sem fjallar um akstur, stöðvun eða lagningu ökutækis utan vega í þéttbýli. Undanþága annarra frá banni við akstri vélknúinna ökutækja á göngugötu hlýtur að þurfa að taka mið af aðstæðum á hverjum stað því göngugötur eru jafn misjafnar og þær eru margar.

Til nánari skýringar verður hér á eftir fjallað um þrjú dæmi um göngugötur sem þegar eru til staðar í Reykjavík með tilliti til umrædds undanþáguákvæðis.



*Göngugatan Vallarstræti á góðum sumardeg.*

Vallarstræti er þröngt stræti norðan Austurvallar. Þar situr fólk gjarnan úti að snæðingi og börn eru að leik. Útveitingaaðstaða er við alla veitingastaði sem staðsettir eru við Vallarstræti og ekkert rými er eftir til aksturs á þeim tíma sem sú aðstaða er í notkun. Við Vallarstræti eru engin stæði, hvorki



milli 7 og 11 á morgnanna þegar vörulosun er heimil en borð og stólar eru tekin saman í lok hvers dags og ekki sett fram aftur fyrr en eftir klukkan 11 á morgnanna. Í neyðartilvikum er fær leið fyrir neyðarflutninga eftir Thorvaldssensstræti en einnig er allur búnaður veitingahúsanna laus svo hægt er að rýma til með litlum fyrirvara.



Umferðarmerki sem merkja hluta Austurstrætis sem göngugötu. Sambærileg merking er við Vallarstræti.

Austurstræti austan Pósthússtrætis er göngugata. Göngugatan rennur saman við Lækjartorg sem er lokað með steiptum stólpum við Lækjargötu en opið er inn á svæðið við Pósthússtræti fyrir vöruflutninga. Rafdrifnir pollar, sem björgunarmiðstöðin í Skógarhlíð stýrir, eru við Lækjargötu svo viðbragðsaðilar komast inn á svæðið bæði frá Pósthússtræti og Lækjargötu. Engin almenn bílastæði né merkt stæði fyrir handhafa stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða eru í götunni. Löng hefð er fyrir sölutjöldum í Austurstræti og viðburðum á Lækjartorgi. Ef aðrir aðilar en viðbragðsaðilar hefðu heimild til að aka um göngugötuna yrðu þeir að aka inn frá Pósthússtræti og taka svo hring eða snúa við á Lækjartorgi sem myndi hafa alltof mikla hættu í för með sér fyrir gangandi vegfarendur svo ekki sé rætt um röskunina sem fælist í því.

Hluti Laugavegar hefur í fjölda ára verið tímabundin göngugata á sumrin og fyrir jólin, eða allt frá árinu 2011. Mikill fjöldi gangandi vegfarenda er á Laugavegi og sífellt færast í aukana að fólk sitji úti að snæðingi og að viðburðir séu í götunni. Talningar sýna að meðalumferð gangandi og hjólandi um hádegisbil sl. sumar var um þúsund vegfarendur á klukkustund (meðaltal 55 talningadaga á tímabilinu apríl-september 2019). Til samanburðar var umferð akandi á svipuðum slóðum á stærstu klukkustund 9. júní 2011 um 300 ökutæki á klukkustund en þá var ekki göngugata þar.

Tímabundnum göngugötum í Reykjavík hefur hingað til verið lokað með hliðum sem viðbragðsaðilar hafa lykil að auk starfsmanna borgarinnar sem hafa séð til þess að vöruafgreiðsla hafi getað átt sér stað milli klukkan sjö og ellefu að morgni.


Við hönnun varanlegra göngugatna á Laugavegi, í samræmi við samþykkt deiliskipulag, hefur í samráði við lögreglu og fleiri viðbragðsaðila verið miðað við að vera ekki með hlið við enda gatnanna heldur gefa það skýrt til kynna með umferðarmerkjum, útfærslu yfirborðs og götugagna, að bílaumferð sé ekki velkomin inn á svæðið nema í undantekningatilfellum. Þannig er aðgengi viðbragðsaðila betur tryggt og þar með öryggi inni á svæðinu. Á sama tíma verður þess gætt að akstursleiðin innan svæðisins, sem t.d. viðhaldstæki og vörudreifingaraðilar aka, sé hvorki breið né



bein. Tilgangur þess er, fyrir utan það að búa til áhugavert rými fyrir gesti göngugötunnar, að koma í veg fyrir að ökutæki sem aka inn á svæðið geti náð upp miklum hraða og þannig valdið slysi á gangandi vegfarendum, viljandi eða óviljandi.

Að öllum líkum verða fleiri götuhlutar í borginni skipulagðir og endurgerðir sem göngugötur í framtíðinni. Þar má gera ráð fyrir að sami háttur verði hafður á, þ.e. að mögulegt verði að aka um göturnar en þar verði alla jafna ekki bílastæði og að umferð vörudreifingaaðila eða annarra verði bundin við ákveðinn tíma dags.

Almenn stæði fyrir hreyfihamlaða í miðborg Reykjavíkur eru nú þegar fjölmörg og er stefnt að því að fjölga þeim enn frekar. Auk þeirra eru bílastæði ætluð hreyfihömluðum í öllum bílastæðahúsum borgarinnar nema Kolaportinu. Þá er einnig, í samráði við aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks, ÖBÍ og fleiri aðila, unnið að því að staðsetja bílastæði fyrir hreyfihamlaða við göngugötur í borginni.



*Yfirlit yfir varanlegar og tímabundnar göngugötur í miðborg Reykjavíkur og staðsetningu bílastæða fyrir hreyfihamlaða*

Reynslan hefur sýnt að fáir ákveðinn hópur fólks að aka ómerkum bifreiðum sínum inn á göngugötur, er ákveðin hættu á að aðrir ökumenn leiki það eftir. Þannig keyra ökumenn á eftir öðrum ökumönnum í þeirri trú að það sé leyfilegt. Þeir gera sér þá ekki grein fyrir því að það sé eingöngu leyfilegt afmörkuðum hópi ökumanna eða að það sé hreinlega ólöglegt. Þetta þýðir að allar líkur eru á að fáir handhafar stæðiskorts fyrir hreyfihamlaða að aka inn á göngugötur þá fylgi fjöldi annarra ökumanna í kjölfarið. Reykjavíkurborg telur að það muni verða erfitt að útfæra eftirlit með akstri inni á göngugötusvæðum og í raun nánast ómögulegt. Fulltrúar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hafa tekið undir þær áhyggjur.


Af framansögðu má sjá að aðstæður á göngugötum geta verið mjög mismunandi bæði m.t.t. fjölda vegfarenda, starfssemi og stærðar svæðis auk árstíma og tíma dags. Við vissar aðstæður getur verið mögulegt og eðlilegt að veita handhöfum stæðiskorta hreyfihamlaðra og/eða ferðaþjónustu fatlaðra undanþágu frá akstursbanni á göngugötu. Slíkt verður þó að taka mið af aðstæðum á hverjum stað og ætíð verður að tryggja öryggi gangandi vegfarenda, barna að leik og annarra sem dvelja á göngugötum og aðgengi viðbragðsaðila. Æskilegt er að sveitarfélag (vegghaldari) í samráði við lögreglu, sé falið að móta slíkar heimildir m.t.t. aðstæðna fyrir hvern stað fyrir sig. Til dæmis með því að heimila akstur stæðiskortshafa eða ferðaþjónustu fatlaðra á göngugötu á ákveðnum tíma dags eða




ákveðna daga vikunnar. Einnig getur sú staða komið upp að veita þurfi lóðarhafa heimild til að aka um göngugötu til að komast að bílastæði á baklóð við göngugötu. Núgildandi umferðarlög taka ekki á þessum aðstæðum.

Í ljósi alls þess sem að framan er rakið óskar Reykjavíkurborg eftir því að 1. mgr. 10. gr. umferðarlaga verði breytt þannig að það verði í höndum sveitarfélags (vegaldara) í samráði við lögreglu að ákveða hvort og þá hvaða undanþágur verði veittar frá banni við að aka vélknúnum ökutækjum um göngugötu og þá á grundvelli e-liðar 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga. Meðfylgjandi er tillaga/hugmynd að breytingu á 10. gr. umferðarlaga til samræmis við tillögu borgarinnar. Þess skal að lokum getið að fulltrúar Reykjavíkurborgar mæta gjarnan á fund umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis til að ræða þetta frekar, verði eftir því óskað.

f.h. Umhverfis-og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar



Glóey Helgudóttir Finnsdóttir  
Skrifstofustjóri, skrifstofu sviðsstjóra

  
Þorsteinn R. Hermannsson  
Samgöngustjóri

Hjálagt:

Tillaga að textabreytingum laganna :

10. gr. Göngugata.

Umferð vélknúinna ökutækja um göngugötu er óheimil. Þó er vegaldara heimilt að veita undanþágu frá slíku banni á vissum tímum eða án tímatakmarkanna sbr. 1. mgr. 84. gr. vegna:

- a. Aksturs þvert yfir göngugötu.
  - b. Aksturs á vörum að eða frá húsi við göngugötu.
  - c. Aksturs íbúa með aðkomu að lóð frá göngugötu.
  - d. Aksturs veikra eða hreyfihamlaðra til eða frá húsi við göngugötu.
  - e. Aksturs gesta hótels eða sambærilegs rekstrar við göngugötu.
- Sveitarfélagi er heimilt að veita íbúum við göngugötu leyfi til aksturs um götuna vegna flutnings stærri hluta utan skilgreinds vörulosunartíma við sérstakar aðstæður.

Ökumanni vélknúins ökutækis sem fer um göngugötu ber að sýna gangandi vegfaranda sérstaka tillitssemi og víkja fyrir honum. Um göngugötu má aldrei aka hraðar en 10 km á klst.

Hjólreiðamanni á göngugötu ber að sýna gangandi vegfaranda sérstaka tillitssemi og víkja fyrir honum. Ekki er heimilt að hjóla á göngugötu hraðar en sem nemur eðlilegum gönguhraða.

Göngugata skal afmörkuð með sérstökum merkjum. Vélknúnum ökutækjum má ekki leggja í göngugötu nema á merktum stæðum.

1. mgr 84. gr. Sérákvæði um notkun vega, hraðamörk o.fl.

§ Veghaldari getur kveðið á um varanleg sérákvæði um notkun vegar til umferðar að höfðu samráði við sveitarstjór, þegar það á við, og að fengnu samþykki lögreglu, m.a. um:

- a. stöðvun og lagningu ökutækis,
- b. hvar umferð skuli hafa forgang, sbr. 2. mgr. 26. gr.,
- c. einstefnuakstur,
- d. gangbrautir,
- e. undanþágur frá og bann við tiltekinni umferð, og
- f. aðrar takmarkanir á umferð um veg.

